

2003030088
8717; 9310; 0000

Vegagerðin
b.t. Hilmar Finnsson, deildarstjóri
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2003
/--

**Efni: Hringvegur 1-d9, Svínahraun - Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 5. maí 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á Hringvegi 1-d9, Svínahraun - Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 26. maí 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. maí 2003, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 20. maí 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. maí 2003. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 30. maí 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða nýlagningu vegar á Hringvegi 1-d9 milli Svínahrauns og Hveradalabrekku, Sveitarfélaginu Ölfusi, sem er hluti af endurbótum á Hringvegi frá Sandskeiði að Hveradalabrekku. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að nýi vegurinn verði 2+1 akreinar, um 3,3 km að lengd og þar af um 2,7 km á óhreyfðu hrauni og 0,6 km í núverandi vegarstæði. Vegurinn verður hannaður fyrir 90 km/klst hámarks hraða. Þá verða ný stefnugreind vegamót gerð við Þrengslaveg og Hamragilsveg. Vegna virkjunaráforma við Hamragil verði að gera ráð fyrir aukinni umferð um Hamragilsveg og stefnugreindum vegamótum þar, en engin leið sé að koma þeim fyrir við núverandi aðstæður. Einnig verði gerðar breytingar á akstur Stefnu inn og útaf bílastæði við Litlu-Kaffistofuna. Gert sé ráð fyrir að núverandi vegakaflar sem leggjast af verði fjarlægðir að hluta til en hugsanlega megi nýta

þá sem bílastæði.

Fram kemur að efnisþörf sé um 130.000 m³ og þar af komi 90.000 m³ úr skeringum vegarins og 40.000 m³ úr nálægum námum s.s. í Lambafelli og við Bolaöldur.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að nýi vegurinn muni fara yfir og raska hrauni á um 30 m breiðu svæði á um 2,7 km löngum kafla, þar sem um 1,8 km eru á apalhrauni og um 0,9 km á helluhrauni. Bæði hraunin séu vaxin dæmigerðum hraunagróðri. Engar fornminjar séu sjáanlegar á svæðinu en það verði kannað betur áður en framkvæmdir hefjast. Þá muni hluti hins nýja vegar liggja yfir hraunin frá Eldborgum við Lambafell sem sé svæði á náttúruminjasrá.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka umferðaröryggi með því að leggja af krappar beygjur við Þrengslavegamót, laga hæðarlegu og auka sjónlengd. Áætlað sé að óhöppum muni fækka um 60% eftir framkvæmdirnar. Akstursleið yfir Hellisheiði muni stytta um 700 m.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að nægjanlega sé fjallað um fyrirhugaðar framkvæmdir og þá röskun sem af þeim verður og skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fornleifar séu ekki skráðar á framkvæmdasvæðinu en lögð er áhersla á að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna hvort fornleifar finnist þar. Fornleifavernd telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaður vegur liggja yfir nútímahraunum sem jafnframt sé svæði á náttúruminjasrá. Svæðinu hafi nú þegar verið raskað með núverandi vegi og því sé ekki með öllu um óraskaðar jarðmyndanir að ræða. Leggja þurfi áherslu á að vernda þann hluta hraunanna sem enn sé óraskaður og reyna að halda mannvirkjagerð í algeru lágmarki. Mikilvægt sé að framkvæmdarsvæði verði þröngt skilgreint, skeringum vegna framkvæmdarinnar haldið í lágmarki og ekki verði farið með vinnuvélar út fyrir skilgreint framkvæmdarsvæði. Farið er fram á að haft verði samráð við stofnunina um hönnun skeringa. Ekki sé talin ástæða til að nýta núverandi veg fyrir bílastæði og lögð á það áhersla að ummerki vegarins verði afmáð eins og hægt er. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili gerir engar athugasemdir við umsagnir umsagnaraðila.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu á Hringvegi 1-d9, Svínahraun - Hveradalabrekka, gerð nýrra gatnamóta við Þrengslaveg og Hamragilsveg, auk breytinga við Litlu-Kaffistofuna í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umrædd framkvæmd hafi fyrst og fremst áhrif á nútímahraun sem er á náttúruminjaskrá en svæðinu hefur nú þegar verið raskað með núverandi vegi. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á nútímahraun verði ekki veruleg. Hins vegar telur stofnunin mikilvægt að framkvæmdum og framkvæmdarsvæði í hrauni, verði haldið í lágmarki eins og kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar og að samráð verið haft við Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins vegna framkvæmdanna.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Hringvegur 1-d9 Svínahraun - Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdirnar eru á óskipulögðu svæði og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga. Hafi nýtt aðalskipulag tekið gildi þegar að framkvæmdum kemur er unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess, m.v. fyrirliggjandi drög að tillögu dags. í maí 2003.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. júlí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Páll J Líndal

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun.